



Garðabær
Hr. bæjarstjóri: Gunnar Einarsson
Garðatorgi 7, 210 Garðabær

Reykjavík, 17. september 2019

Íslandsmótið í skák í Garðabæ 2020

Erindi frá Skáksambandi Íslands og Taflfélagi Garðabæjar

Íslandsmótið í skák er hápunktur íslensks skáklífs ár hvert. Í landsliðsflokki Íslandsmótsins tepla 10-12 sterkustu skákmenn landsins um Íslandsmeistaratitilinn í skák. Það er orðið býsna langt síðan mótið var síðast haldið í Garðabæ en það var árið 1996 og þar áður árið 1991. Mótin þóttu takast afar vel og enn þann dag í dag tala skákáhugamenn, sem lögðu leið sína á skákstað, afar vel um mótið og þá faglegu umgjörð sem Garðabær átti þátt í að skapa. Samhliða yrðu haldin Íslandsmót kvenna og áskorendaflokkur Íslandsmótsins í skák. Úr þessu yrði því mikil skákhátið sem um 40-50 manns tækju þátt í. Ekki skemmir það fyrir að Taflfélag Garðabæjar fagnar 40 ára afmæli á árinu 2020.

Skáksambandi Íslands og Taflfélagi Garðabæjar finnst tími til kominn að halda mótið aftur í Garðabæ eftir 24 ára hlé! Það er óskað stuðningi bæjarfélagsins við að halda mótið í bænum. Sá stuðningur gæti falist í fríu húsnæði, kaffiveitingum á meðan á móti stendur, fjárhagsstuðningi upp á 500.000 kr. og lokahófi að loknu móti. Skákhreyfingin mun leggja til alla vinnu við mótið og útvega öll verðlaun. Ávallt er mikið lagt upp úr umgjörð þessa móts og mun hún því verða öll hin glæsilegasta. Í kringum Íslandsmótið er Skáksambandið reiðubúið, í samvinnu við Skákskóla Íslands, að standa fyrir skákkennslu í skólum og efna til fjölteflis í bæjarfélaginu í samráði við bæjaryfirvöld og/eða skólayfirvöld.

Mótshaldið tekur um 12 daga og mælum við með tímabilinu 27. mars – 13. apríl, þ.e. í kringum páskana. Rannsóknir hafa sýnt að skák hefur jákvæð áhrif á börn og bætir námsárangur þeirra. Tilvalið væri því að setja af stað skákatak í bæjarfélaginu í upphafi næsta skólaárs í samvinnu við skólayfirvöld. Mikill árangur hefur náðst í skólaskák undanfarin ár í Reykjavík og Kópavogi. Sama árangri er hægt að ná í Garðabæ í góðu samstarfi við skólana og skákfélagið í bænum.

Með von um jákvæð viðbrögð.

Gunnar Björnsson,
Forseti Skáksambands Íslands
Netfang: gunnar@skaksamband.is
GSM: 820 6533

Sindri Guðjónsson
Formaður Taflfélags Garðabæjar
Netfang: sindri79@gmail.com
GSM: 778 4749